

Jarðhiti nýjasti vettvangur verkefna Þróunarsamvinnustofnunar:

„Tækifæri okkar til þess að nýta þekkingu okkar til framfara fyrir heimsbyggðina eru óendanleg“

- segir Sighvatur Björgvinsson framkvæmdastjóri
Þróunarsamvinnustofnunar Íslands



„Íslendingar standa vissulega framarlega í þekkingu á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda – einkum jarðhita. Það er hins vegar í ætt við steigurlæti þjóðrembunnar, sem varð okkur að falli, að halda að við stöndum þar framar öllum öðrum þjóðum. Vissulega er þekking okkar og reynsla af virkjun jarðhita mikil en aðrar þjóðir svo sem Japanir, Bandaríkjamenn, Nýsjálendingar og Ítalir, hafa þar einnig yfir mikilli þekkingu að búa. Okkar sérstöðu umfram þær má hins vegar einkum rekja til starfsemi Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna hér á Íslandi en hann er eini skólinn í heiminum á sínu sviði. Fyrir milligöngu hans hefur íslenskri þekkingu verið miðlað til sérfræðinga, fræði- og vísindamanna, sem starfa að jarðhitamálum í þróunarlöndum í víðum skilningi þess hugtaks.“

Í tilefni af útkomu nýrrar skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum - *Energy for a Sustainable Future* – sagði Ban Ki-moon framkvæmdastjóri SP að “bylting hreinnar orku” væri bryn fyrir ríkar þjóðir og fátækar til að draga úr gróðurhúsalofttegundum sem yllu hlýnun jarðar. Í skýrslunni kemur fram að 1.6 milljarður manna býr við rafmagnsleysi. Sighvatur var spurður að því hvernig hann sæi fyrir sér aðkomu Íslendinga að þessari grænu byltingu.

„Nafn Íslands er því oft nefnt en nafn nokkurs annars lands þar sem saman kemur fólk sem starfar að jarðhitamálum. Á öllum samkomum jarðvísindamanna þar sem jarðhitamál eru á dagskrá er sá hópur fjölmennur sem sótt hefur framhaldsmenntun sína til Íslands. Íslenskir jarðhitamenn; sérfræðingar og vísindamenn; eru því þekktir um allan þennan heim, hafa ýmist kennt eða unnið með starfsbræðrum sínum þar sem og stjórnvöldum. Ísland er ekki aðeins þekkt heldur er Íslendingum treyst. Þar sem íslenskir sérfræðingar og vísindamenn koma að verki sem ráðgjafar stjórnvalda og stofnana eru þeir ekki taldir hafa neinna leyndra hagsmuna að gæta. Slíkt álit er ómetanlegt þegar nú háttar svo til að þjóðir heims taka saman höndum við öflugar alþjóðastofnanir um að stórauka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa grænnar orku til þess að tryggja framtíð jarðarinnar og jarðarbúa. Íslendingar hafa ekki aðeins þar fram að bjóða þekkingu sem er á við það, sem best gerist, heldur hafa þeir öðlast óumdeilda viðurkenningu jarðhitaheimsins og algerlega óskorað traust.“

Það er því næsta eðlilegt að Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur valið jarðhitann sem nýjasta vettvang verkefna sinna. Framkvæmdir við tilraunaboranir og virkjanir eru dýrar og langt umfram fjárhagsgetu stofnunarinnar að kosta – enda eru framkvæmdir af slíku



tagi hvort eð er ekki á borði veitenda þróunaraðstoðar heldur viðfangsefni fjárfesta. ÞSSÍ getur hins vegar hæglega haft milligöngu um þekkingarmiðlun og þekkingaruppbyggingu í jarðhitamálum fyrir tilverknað íslenskra sérfræðinga. Stofnunin getur og hefur aðstoðað stjórnvöld í þróunarríkjum, þar sem jarðhiti er til staðar, við grunnrannsóknir, við byggingu rannsóknarsetra og þjálfun starfsfólks bæði með þjálfun á staðnum og með kostun við nám í Jarðhitaskólanum. Þá hefur stofnunin einnig getað stutt framhaldsrannsóknir svo sem segul- og skjálftamælingar og hitastigulsboranir. Í öllum þessum

verkefnum hefur stofnunin stuðst við íslenska þekkingu svo sem Íslenskar orkurannsóknir, Jarðhitaskólan og sérfræðinga í störfum hjá Reykjavík Geothermal, Orkuveitu Reykjavíkur sem og fengið aðstoð frá Orkustofnun við yfirlestur á lögum og regluverki. Þá hafa ýmsar aðrar íslenskar sérfræðistofnanir svo sem Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun einnig komið að sem ráðgjafar.”

-Viðhorfsbreytingar á endunýjanlegum orkugjöfum hafa orðið á skömmum tíma...?

„Já, á örfáum árum hefur orðið gerbreyting á viðhorfum heimsins til nýtingar á jarðhita og öðrum grænum orkugjöfum. Fyrir nokkrum árum var nánast enginn áhugi á þessum málefnum ef lítið var fram hjá einstökum löndum. Nú hefur heimurinn vaknað og það hressilega. Græna orkan og nauðsyn á nýtingu hennar er orðin mjög áberandi í alþjóðasamfélaginu. Þar með stöndum við Íslendingar með öðrum þekkingarþjóðum á þrepskildi nýrrar aldar – aldar hinna grænu umhverfisgilda. Tækifæri okkar til þess að nýta þekkingu okkar til framfara fyrir heimsbyggðina eru óendanleg. En þau tækifæri verðum við að nýta. Vissulega höfum við Íslendingar takmarkaða fjármuni til ráðstöfunar eftir hrun og verkefni jarðvísindamanna okkar hér innanlands eru í miklum samdrætti. En þá verðum við einfaldlega að nota þá takmörkuðu fjármuni sem við eigum til þekkingaruppbyggingar í nýtingu jarðhita þeim mun betur. Við eigum að ráðstafa þeim fremur til þess að koma á framfæri þekkingu og getu okkar fólks, sem nýtur trausta og virðingar í jarðhitaheiminum, fremur en að vera dropi í haf alþjóðlegrar fjármögnunar þar sem engu munar um okkar framlag og sérhæfð þekking á sjálfu viðfangsefninu, nýtingu jarðhita til orkuframleiðslu, er enn harla lítil. Það er þörf fyrir íslenska þekkingu í nýtingu jarðhita meðal þróunarlanda. Það er líka þörf á því að við verjum hina íslensku þekkingu á þessum sviðum og þjóðum öðrum að nýta hana þegar verkefnum fækkar hér heima fyrir. Þá er fjármuninum vel varið – bæði frá sjónarmiði þess sem þiggur og okkar sem aðstoðina veitum.” -Gsal